



Kjartan Gúðjónsson.

Kjartan Gúðjóns með stórsýningu á Kjarvalsstöðum

I dag opnar Kjartan Gúðjónsson, listmálari, málverkasýningu að Kjarvalsstöðum, en Kjartan sýndi síðast í Norræna-húsinu árið 1974.

A sýningu Kjartans Gúðjónssonar að þessu sinni eru alls um 112 verk, flest máluð á síðustu fjórum árum.

Kjartan Gúðjónsson, sem er rúmlega fimmtugur að aldri, hefur stundað myndlistarstörf frá æskudögum, hann hélt til myndlistarnáms í Bandaríkjunum á sínum tíma, en hefur annars stundað myndlistarnám víðar.

Stækkaðar teikningar

Meðal verka á sýningunni — auk olíumálverka og vatnslitamynda, sýnir hann allmargar teikningar, eða svarthvítar myndir, en Kjartan er mjög kunnur fyrir bóklýsingar sínar á undanföllum árum.

Nokkrar teikningar hans úr bókum hafa verið stækkaðar með fotografískum aðferðum og síðan

lakkaðar. Þá eru þarna bóklýsingar úr Norðurlandströmet, sem dr. Kristján Eldjárn þýddi og gefin var út á síðasta ári.

Veigamesti hluti sýningarinnar er þó olíumálverkin, sem flest eru ný, eða gjörð á síðustu þrem árum.

Litir myndanna eru nú fjórlegri að sögn vöðstaddra myndlistarmanna, og töldu þeir hana hikaust með merkustu sýningum málarans.

Sýningin fer til Akureyrar síðar

Að sögn Kjartans Gúðjónssonar er ráðgert að hluti þessarar sýningar fari síðar í vor til Akureyrar, þar sem ákveðið er að Galleri Háhöll standi fyrir sýningu á verkum Kjartans.

Kvaðst Kjartan áður hafa sýnt myndir á Akureyri, en þá á sam-sýningum.

Sýningin á Kjarvalsstöðum opnar kl. 3 á laugardag og hún verður opin í 10 daga.

JG



Sixten Haage við eitt verka sinna úr „Evrópu svítunni“

Tímamynd Róbert

Grafík í bókasafni Norræna hússins

ESE — Í dag kl. 14 verður opnuð í bókasafni Norræna hússins sýning á grafíkmyndum eftir sænska listamanninn Sixten Haage. Sixten Haage er talinn í fremstu röð grafíklistamanna Svíþjóðar. Hann stundaði nám í Stokkhólmi á stríðsárunum og síðan í París 1945-1947. Hann hefur tekið þátt í fjölda sýninga víða um heim, auk þess sem hann hefur haldið margar einkasýningar. Flest lista-söfn í Svíþjóð eiga nú verk eftir hann, og auk þess söfn í Póllandi,

Júgóslavíu, Ítalíu, Vestur Þýzka-landi, Finnlandi og í Bandaríkjunum.

Sixten Haage sýnir hér 20 verk, en meginuppistaða sýningarinnar er myndröð, sem nefnist „Europa sviten“ Sixten Haage er staddur hér á landi í tilefni sýningarinnar og setur hann hana sjálfur upp. Sýningin verður opin á venjulegum opnunartíma bókasafnsins og verða öll verkin til sölu.



lesendur segja

Grigorenko og Steinþór á Hæli

A miðvikudaginn í kyrruviku birtu Morgunblaðið grein um það vafamál, hvers vegna Sovétstjórnin hefði svipt Rostropovich og Grigorenko ríkisborgararétti. Skilst mér, að hér eigi hlut að máli sellóleikari og hershöfðingi, sem eitthvað hafa verið baldnir við sína herra. Þeim þess vegna verði í mun að losna við þá úr landi.

Þetta má náttúrulega vel ræða eins og annað, sem ber við í veröldinni. Nærtækara hefði okkur Arnesingum samt fundizt, að Morgunblaðið hefði eitthvað fjallað um það, hvers vegna alþingismaður okkar Sjálfstæðismanna í Arnessýslu var reyður niður í þriðja sæti á framboðslista flokksins á Suðurlandi. Auk þess var sá atburður nýrri af nálinni og ekki jafnmargtugginn og sagan um

sellóleikarann og hershöfðingjann, þar sem hinn frekjufulli úrslitafundur í kjördæmisráði Sjálfstæðisflokksins, sem setti Steinþór á Hæli á krókbekk, var haldinn á laugardaginn fyrir pásma.

David konungur stílti svo til, eins og kunnugt er, að Úría var settur þar í bardagann, er mannfalið var mest, svo að hann félli. Þess konar hollustu finnst okkur, að minnsta kosti nokkuð mörgum fyrrverandi kjósendum Sjálfstæðisflokksins í Arnessýslu, að Steinþóri hafi verið boðið upp á. Með frekjufullum og ósvífnum hætti hefur verið troðið á honum. Tveir nýliðar voru teknir fram yfir hann, og þeim hampað á hans kostnað. Þótt hann væri að visu ekki sviptur ríkisfanginu í Sjálfstæðisflokki og fengi að

fljóta með, þá gerum við, sem aðhyllt höfum Sjálfstæðisflokkinn í Arnessýslu, okkur fulla grein fyrir því, að honum hefur af flokksvaldinu verið úthlutað því hlutverki, sem Úría var skammtað forðum. Við erum kunnugir í heimahögum okkar og vitum, að hverju stefnir A hinn bóginn finnst okkur Morgunblaðið skulda okkur skýringu á því, hvornig með Steinþór var farið. Það er mál, sem því er nákomnara en skammastrik austur í Moskvu. Höldum okkur við Flóann, Tungurnar og Hreppana fremur en sléttur Brénsjefs. Við erum þar ekki með fingur í spilinu, en ættum að gæta dregenskapar heima fyrir og forðast meingerðir á meðal okkar sjálfrá. Fyrrverandi Sjálfstæðismaður í Arnessýslu.

Hér hef einnig að unnið

Fyrir nokkru (31/1) skrifaði Andrés Kristjánsson grein í „Ný þjóðmál“ um prófkjör Framsóknarflokksins í Reykjavík. Ekki bregzt Andrési stílfimin fremur en fyrri daginn, þótt hann skrifi greinina grátkökkur yfir öfórum Þórarins Þórarinssonar í því prófkjöri.

Full ástæða er til þess að gamlir og grónir framsóknarmenn taki undir með Andrési — að illa hafi til tekið er Þ.Þ. var felldur frá nokkuð öruggu sæti til Alþingis í næstu kosningum. Þórarinn hefur verið sverð og skjöldur Framsóknarflokksins til sóknar og varnar um áratugi og dugað vel, — svo vel að líklegt má telja má, að enginn flokksbræðra hans sem nú sitja á þingi og fást við stjórnsmál hafi dugað betur. Enda nýtur hann trausts framsóknarmanna um land allt fyrir trausta frammistöðu sína fyrir flokk sinn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Mun mörgum góðum flokksmönnum ekki sársaukalaust ef hann verður hrakinn frá því að hafa þau áhrif á störf Alþingis sem hann hefur haft og notið trausts og virðingar fyrir.

Andrés færir þessar ófarir Þ.Þ. á reikning flokksbræðra hans og fer um það mörgum orðum. A það vil ég engan dóm leggja.

Prófkjör sem framkvæmt er á þann hátt að ábyrgðarlaus lausningalyður getur haft úrslitaáhrif er ómerkt og að engu hafandi. Það býður aðeins upp á fjandskap milli þeirra sem saman eiga að standa. En hér er sem áður að jafnan ber til hverra tíðinda nokkuð. Hér kemur fleira til en Andrés tíundar í grein sinni.

Það er furdulegt hvornig nær allir þeir menn sem verða viðskila við sinn stjórnsmálaflokk snúast til fjandskapar við fyrri samherja. Því er helzt hægt að líkja við það ástand, sem skapast þegar slitnar upp úr ástum hjóna og ný ást í meinum myndast. Fyrri félögum er allt fundið til foráttu en hinir nýju „vinir“ hafnir til skjáanna. Þeir leggja á það höfuðáherzlu að vinna þeim flokki og mönnum sem þeir höfðu áður átt gott samstarf við sem mest ógagn.

Í þessa ljónagryfju hefur Andrés Kristjánsson fallið, sá mæti maður. Frá því hann yfirgaf Framsóknarflokkinn og fékk inni hjá þeim „viðrinis“-samtökum, sem hann telur sig nú tilheyra hefur hann beitt stílsnillið sinni til að vinna Fram-

sóknarflokki sem mest ógagn en litid vegið að öðrum flokkum. Fyrir gagnrýni hans hefur Þ.Þ. oft orðið engu síður en aðrir fyrri flokksbræður hans.

Þó ég vilji engan veginn gera mikið úr áhrifum skrifa Andrésar hin síðustu ár, þá er ekki hægt að verjast þeirri hugsun að skrifa hans um Þ.Þ. og aðra framsóknarmenn hafi átt sinn þátt í úrslitum í umræddu prófkjöri og m.a. bitnað á Þórarni Þórarinssyni. Fyrir Andrési fer hér líkt og falgarum. Hann kennir skyldleikans við fallinn féлага þegar kemur að hjartanu.

En það er orðið of seint. Óhappið er skeð. Hann hefði því með fullum sannni getað bætt stuttri setningu aftan við hin tilfærðu orð: — „Og þú líka barnið mitt Brútus“ þessum orðum: — Hér hefi ég einnig að unnið. Það hefði farið vel á því og verið hreinskilnisleg játning.

Ef Andrés meinar eitthvað með því sem hann segir um þann skaða sem þjóðinni er að því að missa Þ.Þ. af Alþingi,

sem það vissulega er, — þá getur hann aðeins með einu móti bætt úr því. Það er með því að hann snúi aftur heim til föðurlandsanna, — heim til Framsóknarflokksins og beiti málsmíll sinni að því að fá þá sem rápa stefnulaust á eyðimerkur-göngu „Mistakanna“ til að sjá vilja síns vegar og taka upp réttu stefnu. Það væri Andrési sórti og nauverandi félögum hans frelsun frá pólitískri eyðimerkur-göngu sinni. Þá ynni hann þarf verk.

Andrés átti líka að vera það ljóst að ekki er hægt, að halda uppi flokki á vinsældum eins manns, án nokkurs málefnalegs grundvallar. F að er aðeins til að auka á þann glundroða sem nógur er fyrir.

Tvær illvigar ófgafullar andstæður berjast um völdin í landinu. Enginn getur sagt fyrir um til hverra tíðinda dregur þeirra í milli. Þá er nauðsynlegt að eiga sterkan flokk með hugarfari Jóns Loftssonar, til að lægja þær ógnvekjandi deilur — hliðstæðu Sturlungaaldarinnar.

Guðm. P. Valgeirsson.

Mynteiningar og eignakönnun

„Hjá Seðlabankanum er nú unnið af fullum krafti að tillögum um nýja mynt og seðla, og enn fremur er í ALVARLEGGI ATHUGUN hvort heppilegt sé að breyta mynteiningum“, segir Jóhannes Nordal, og bætti við: „Ef breyta á mynteiningum kemur ekki annað til greina en skera tvö null aftan af, en slík breyting er geysimikið og vandamt verk, sem þarf að skoða mjög vel áður en ákvarðanir verða teknar.“

Það er verulega ánægjulegt að heyra, að forráðamenn Seðlabankans skuli nú loksins vera komnir á fulla ferð með að koma landslýðnum aftur niður á jörðina í peningamálum. Hitt er öllu lakara að heyra, að slík breyting sé svona geysimikið og vandamt verk. Það liggur við, að þessi geysilegi vandi, sem þarf að skoða svona geysilega vel, verki á mann eing og verið væri að tala um endurskoðun stjórnarskrárinnar, þetta eilífðaverk, sem fyrir löngu hefur sett háðungarstimpil á Alþingi, sem flestir hugsa nú orðið til með leiða. Vonandi er hér engin slík

harmsaga á ferð, og það væri bæði gott og gaman fyrir hinn almenna borgara, sem áhuga hefur fyrir farsælum framgangi þessa máls, að fá nánar um það að heyra í hverju þessi geysilegi vandi liggur, því ekki er óhugsandi, að umræður þar um, gætu flýtt lausn málsins. Heyrt hef ég, að Frakkar hafi leyst svipað vandamál með því að nota gömlu myntina samhliða nýrri. E.t.v. mætti nota „flotkrónuna“ svonefndu sem einseyring, og aðra mynt í réttu hlutfalli við það. 5 kr. peningurinn yrði þá 5-aurar, 10 kr. 10-aurar, 50 kr. 50-aurar 100 kr. seðillinn mætti yfirstimpla sem eina krónu, 500 kr. seðillinn, ef til er, sem 5-krónur, 1000 kr. seðillinn sem 10-krónur, 50000 kr. seðillinn sem 50-krónur, og svo mætti prenta 100/kr. seðil, sem jafngilti 10/þús. kr. nú.

En í sambandi við hugsanlega myntbreytingu vaknar sú spurning, hvort ekki sé eðlilegt, að samhliða fari fram almenn eignakönnun. Þjóðarlíkamanum er það hollt að fá slíkt þrifa-bað endrum og eins.

J.KR.